

18. fundur foreldrafélags Helgafellsskóla

Fundur með Rósu skólastjóra.

10.02.2021

Mætt: Elín María, Elín Anna, Rósa skólastjóri, Ólafur, Laufey, Elena, Jóna

Reykir

Verður ekki farið þennan veturinn á Reyki vegna Covid.

Má ekki vera að blanda á milli skóla eða neitt þannig.

þarf að skoða hvort það sé hægt að gera eitthvað annað fyrir þau. Þau eiga um 70.000 kr. í sjóð foreldrafélagsins.

Fjáröflun 6. bekkur

Tækifæri þeirra til að safna pening á jólaskemmtuninni gekk ekki upp þetta árið út af Covid.

Skoða hvort hægt er að finna tækifæri fyrir þau þegar vorar.

Sveitaferð

Eigum bókað í lok maí í Miðdal í Kjós.

Mun koma í ljós hvort það verði hægt. Annarsvegar hvort það verði opið og hins vegar hvort fjöldatakmörkanir leyfi.

Skólalóðin

Ýmsar umræður um skólalóðina:

- Veggurinn á bakvið skólann hefur komið til umræðu þar sem fall af honum væri mjög hátt. Hann stenst allar kröfur en skólinn er meðvitaður um að þetta geti verið hættulegt.
- Ýmsar ábendingar komið vegna leikskólalóðar en Rósa hefur komið þeim í farveg hjá Mosfellsbæ.
- Ræddum vind og varnir á lóðinni. Hálkuvarnir og fleira.
- Foreldrafélagið og skólastjóri sammála um að það vanti meira á lóðina niðri. Ekki mikið um afþreyingu fyrir grunnskólann
 - o Stefnt að því að mála einhverja fleiri leiki á jörðina.
 - o Með lóðinni í kringum nýja húsið mun svo eitthvað fleira bætast við.

Kynningar inn í skólana

Einhverjir skólar hafa byrjað að taka aftur inn kynningar inn í skólana.

Foreldrafélag og skólastjóri sammála um mikilvægi þeirra um leið og það má aftur.

Umræður um hvað væri gott að fá inn um leið og það verður hægt:

- Netnotkun
 - o Virðist vera mikið sem þau eru að nálgast á netinu, klám, opnar spjallsíður og flr.
 - o Að einhverju leiti vantar stuðning um þetta til foreldra. Kynningar t.d. um tæknilega hluti.
- Fyrirmyndir

- Skoða hvort hægt er að fá jákvæðar fyrirmyndir til að stíla inn á krakkana með efni
- Ein hugmynd er Pálmar Ragnarsson

Margar aðrar kynningar voru nefndar en uppúr stóð netnotkun (sérstaklega til foreldra) og jákvæðar fyrirmyndir (sérstaklega til barnanna).

Öskudagur

Hann verður óhefðbundinn af því það má ekki blanda börnum.

Bækur/Spil

Ræddum hvort spila eða bókagjafir kæmu skólanum að góðum notum.
Ágætt úrval af bókum en minna af spilum.

Nýbygging

Gengur vel. Reyna kannski að fá heimsókn fyrir foreldrafélagið.

Íþróttahús

Tekið upp við skólastjóra umræða meðal foreldra um að ekki verði farið í íþróttahús við skólann.
Mikið rask fyrir nemendur og kemur stundum niður á stundartöflu.
Umhverfisleg sjónarmið og kostnaður hljóta líka að vera neikvæð.
Foreldrafélagið mun skoða hvernig hægt verður að snúa sér í þessu máli.